

Ákvörðun nr. 7/2021
Mánudagurinn, 15. mars 2021

Samruni LL41 ehf. og Arnarhvols ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna LL41 ehf. og Arnarhvols ehf. Við samrunann eignast LL41 52% af hlutafé Arnarhvols en átti 47% fyrir samrunann. Í kjölfar samrunans mun því LL41 eitt fara með yfirráð félagsins. LL41 er eignarhaldsfélag en Arnarhvoll er framkvæmdafélag sem hefur komið að ýmsum byggingaverkefnum.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 22. febrúar 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunagjald var greitt 12. mars 2021 og tóku frestir til rannsóknar samrunans þá að líða. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna, auk þess sem eftirlitið aflaði gagna um endanlega eigendur LL41 og umfang viðskipta þeirra.
3. Starfsemi samrunaaðila, sem starfa ekki á sama markaði, er eftirfarandi:
 - a) Arnarhvoll er fyrirtæki sem starfar á sviði mannvirkja- og byggingaiðnaðar. Aðalstarfsemi félagsins er fólgin í veitingu alhliða verktakaþjónustu í fjölbreyttum framkvæmdum og uppbyggingarverkefnum um land allt. Samkvæmt mati samrunaaðila, sem byggir á tölum frá Hagstofunni, er hlutdeild fyrirtækisins vel innan við 5% á heildarmarkaðnum fyrir byggingarframkvæmdir á Íslandi.
 - b) LL41 er eignarhaldsfélag og eina eign félagsins er Arnarhvoll en við samrunann öðlast félagið eitt yfirráð yfir Arnarhvoli. Erlenda félagið BAT Holding sarl er eigandi 95% hlutafjár LL 41. Félagið á jafnframt Grósku ehf. sem heldur utan um húsnæði þekkingarseturs undir sama nafni í Vatnsmýri. Samkvæmt samrunaskrá er aðkoma þeirra fjárfesta sem eiga BAT Holding að fyrirtækjum á sama eða tengdu sviði og Arnarhvoll á Íslandi engin.
4. Eftir að hafa skoðað þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans enda er engin skörun á milli þeirra markaða sem samrunaaðilar starfa á og hlutdeild Arnarhvols lág.

Ákvörðunarorð:

„Kaup X og Y fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson